# Austurvegur 65, Selfossi
## Deiliskipulagsbreyting

Sveitarfélagið
Árborg




Deiliskipulag í gildi, samþykkt 12. janúar 2005 1:2000




Óveruleg breyting á deiliskipulagi 1:2000



HLUTI AÐALSKIPULAGS ÁRBORGAR 2020-2036





Skýringarmyndir

## Greinargerð

### Almennt

Lögð er fram óveruleg breyting á deiliskipulagi skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123 / 2010. Breyting felst í að byggingarreitur er stækkaður til suðurs. Breytingin er í samræmi við gildandi aðalskipulag.

Í gildi er deiliskipulag, samþykkt í bæjarstjórn Árborgar og staðfest í B-deild stjórnartíðinda 12 jan. 2005 ásamt síðari breytingum.

Svæðið er skilgreint sem iðnaðarsvæði og áfram er gert ráð fyrir sambærilegri starfsemi sem áfram kann að valda hljóð-, lyktar- og ásýndaráhrifum.

### Forsendur breytingar

Með breytingunni er verið að stækka byggingarreit í suður vegna viðbyggingar við framleiðslurými.

### Veghelgunarsvæði

Með breytingunni nær byggingarreitur inn á veghelgunarsvæði stofnvegs. Bent er á að byggingar, leiðslur, auglýsingaspjöld, skurðir eða önnu mannvirki, hvorki föst né laus, má ekki staðsetja nær vegi en 30 m frá miðlínu stofnvega nema fengið sé leyfi veghaldara.

### Deiliskipulagsskilmálar

Byggingar skal staðsetja og fella að landi innan byggingarreits þannig að góð tenging sé milli umhverfis, útisvæðis bygginganna og bygginganna sjálfra. Sérstaklega skal huga að ásýnd lóðarinnar frá Austurvegi. Nýta skal trjágróður/runna til að draga úr ásýnd mannvirkja og bílastæða og hafa í huga að tré byrgi ekki sýn ökumanna. Æskilegt er að bílastæði sé brotið upp og ekki séu fleiri en 7 bílastæði saman án uppbrots.

Umgengni á lóðinni skal vera til fyrirmyndar. Vélar og tæki skulu geymd bakvið hús, séð frá Austurvegi, eftir því sem kostur er. Ljúka skal frágangi lóðar innan árs frá því að húsbyggingu er lokið.

Mögulegur frágangur á lóðinni er sýndur á skýringarmyndum.

Að öðru leyti en hér greinir frá gilda skilmálar eldra skipulags samþykkt í B-deild, 12. jan. 2005.

### Skipulagsgögn

Skipulagsgögn fyrir svæðið eru þessi:

- Deiliskipulagsuppdráttur 1:2000
- Greinargerð
- Aðalskipulag Árborg 2020-2036

### SKÝRINGAR

- Mörk deiliskipulagsreits
- Kvöð um lagnir allt að 7m
- Veghelgunarsvæði
- Lóðarmörk
- Byggingareitir húsa
- Núverandi byggingar
- Núverandi byggingar til niðurrifs

Kortagrunnur:

Skipulagsuppdráttur er teiknað í kortagrunni sveitarfélagsins.

### SAMÞYKKTIR

Deiliskipulagbreyting þessa sem hefur hlotið málsmeðferð skv. 1. mgr. 43.gr skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í

skipulags- og byggingarnefnd þann __________

og í bæjarstjórn Árborgar þann __________

f.h. Sveitarfélagsins Árborgar __________

Auglýsing um gildistöku skipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann

EFLA

Austurvegur 65, Selfossi
Sveitarfélagið Árborg
Óveruleg deiliskipulagsbreyting

| VERK: | BLAÐSTÆRÐ: | UNNIÐ: | RÝNT: |
|---|---|---|---|
| 1796-012 | A1 | ABH | |
| MÆLIKVARÐI: | DAGS: | DAGS.BREYT: | |
| 1:2000 | 22.06.2023 | --- | |
| SAMÞYKKT: | TILLAGA | | |